



Fundargerð

Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 11. mars 2013, kl. 10:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson og Herdís Matthíasdóttir. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður setti fundinn, bauð fólk velkomið.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1211001 – Reykhólaland 216276 , þéttbýlið deiliskipulag.

Farið yfir tillöguna eins og hún liggur fyrir í dag. Byggingafulltrúa falið að koma á framfæri breytingum sem fram komu á fundinum. Samþykkt samhljóða.

2. 1102019 – Fasteignin Bjarg í Flatey.

Lagður fram lóðaleigusamningur og hnitsett lóðarblað frá Landmótun dagsett 5. mars 2013. Nefndin fór yfir gögnin og samþykkir þau fyrir sitt leyti. Samþykkt samhljóða.

3. 1303019 – Fjörður 139608, stofnun lóðar Fjörður – vegstæði.

Nefndin samþykkir stofnun lóðar skv. umsókn Vegagerðarinnar dagsett 28. nóvember 2011. Samþykkt samhljóða.

4. 1209011 – Gatnagerðargjöld í Reykhólahreppi.

Tillaga að gatnagerðargjaldskrá.

Tillaga lögð fram. Fyrir liggur að samþykkt hefur verið framlenging á heimildarákvæði í lögum um gatnagerðargjöld til loka ársins 2015. Nefndin kynnir sér málið frekar. Samþykkt samhljóða.

5. 1303001 – Gjaldskrá fyrir hafnargjöld 2013.

Nefnin fór yfir hækkun á gjaldskrá samkvæmt samþykkt sveitarstjórnar þann 11. desember 2012. Nefndin samþykkir gjaldskránnar fyrir sitt leyti, og að hún verði birt í B-deild stjórnartíðinda. Samþykkt samhljóða.

6. 1303002 - Viðlagatryggingar á mannvirkjum.

Erindi frá Viðlagatryggingu Íslands dagsett 25. janúar 2013.

Nefndin óskar eftir lista yfir þau mannvirki sem skráð eru hjá Viðlagatryggingu Íslands. Samþykkt samhljóðar.

Mál til kynningar:

7. 1303003 – Samgönguáætlun 2011-2022.

Rit til kynningar, sent frá Innanríkisráðuneyti 19. febrúar 2013. Rit verður lagt fram á fundi.

Lagt fram.

8. 1303004 – Ástand gróðurs og umferðaröryggi.

Erindi frá Umferðarstofu dagsett 15. febrúar 2013.

Lagt fram.

9. 1303005 - 354. fundur stjórnar Hafnarsambands Íslands.

Kynnt.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12:10

_____	_____
_____	_____
_____	_____